

Skipulagsráð Kópavogs,  
Digranesvegi 1,  
200 Kópavogi.

Kópavogi 29. júní 2023.


Efni: Tillaga að sátt um breytingar á deiliskipulagi Nónhæðar.

Sendi ég hér með nýja tillögu að breytingu á deiliskipulagi Nónhæðar sem miðar að því að fjölga íbúðum í húsi B og C á byggingarsvæði Nónhæðar ehf. á kolli Nónhæðar til samræmis við heimild í gildandi aðalskipulagi. Við gerð tillögunnar hefur verið leitast við að lágmarka áhrif hennar á umhverfið til þess að koma móts við fram komnar athugasemdir.

Í tillögunni felst einnig lítils háttar breyting á byggingarreit og lóðamörkum til að bæta nýtingar lóðarinnar lóð stækkar um 70 m<sup>2</sup> en byggingareitur stækkar ekki

Náist samningar á grundvelli þessarar tillögu mun Nónhæð ehf. draga til baka kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 8. júní 2023 þar sem kærð var ákvörðun bæjarstjórnar Kópavogs um að hafna fyrri tillögu að breytingu á deiliskipulagi Nónhæðar.

Virðingarfyllst,



Pr. pr. Nónhæð ehf.